

Aðalfundur Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf.

FUNDARGERÐ

Aðalfundur Hörpu var haldinn fimmtudaginn 30. apríl 2015 og hófst kl. 16:00 í Vísu, fundarherbergi Hörpu á 1. hæð.

Mættir voru:

Guðfinna S. Bjarnadóttir - stjórnarformaður Hörpu
Ellý Katrín Guðmundsdóttir - borgarlögmaður
Þórhallur Arason- fjármálaráðuneyti
Halldór Guðmundsson – forstjóri Hörpu
Hulda Kristín Magnússon ritaði fundargerð

Þetta gerðist:

1. Fundarstjórn

Formaður stjórnar setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna, og lagði til að Halldór Guðmundsson tæki að sér fundarstjórn. Samþykkt.

2. Fundarritun

HG lagði til að Hulda Kristín, starfsmaður Hörpu ohf., ritaði fundargerð. Samþykkt.

3. Könnun á lögmæti fundar

Af hálfu hluthafa mætti Þórhallur Arason með umboð frá fjármála- og efnahagsráðherra (54%) og Ellý Katrín Guðmundsdóttir borgarlögmaður með umboð frá Degi B. Eggertssyni borgarstjóra (46%).

Fundarstjóri kallaði eftir athugasemdum við boðun eða dagskrá fundarins. Engar athugasemdir komu fram og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan.

4. Tillaga um frestun dagskrár aðalfundar

Líkt og kom fram í fundarboði er einungis eitt mál á dagskrá fundarins en það er frestun þeirrar dagskrár sem taka skal fyrir á aðalfundi samkvæmt samþykktum félagsins þangað til í maí 2015.

Er það gert sökum þess að dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli félagsins gegn Reykjavíkurborg um fasteignamat Hörpu hefur enn ekki verið kveðinn upp. Það hefur gert það að verkum að ekki er hægt að leggja fram ársreikning vegna ársins 2014 fram til samþykktar og því ómögulegt að taka ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað eða tap á árinu.

Til hægðarauka hafa hluthafar félagsins því óskað eftir því að dagskrá aðalfundar verði frestað í heild og mun stjórn félagsins boða til nýs aðalfundar í maí þegar dómur Héraðsdóms Reykjavíkur hefur verið kveðinn upp.


Tillaga hluthafa um frestun dagskrár aðalfundar er samþykkt.

5. Önnur mál


Engin önnur mál voru rædd og fundi var slitið kl. 16:20



Halldór Guðmundsson



Ellý Katrín Guðmundsdóttir



Guðfinna S. Bjarnadóttir



Þórhallur Arason